



# Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

5.maí 2012

## Mættir:

Haraldur Eyvinds - formaður

Magnea Gylfadóttir- handknattleiksdeild

Hilmar Sigurðsson - knattspyrnudeild

Unnur Halldórsdóttir - ritari

Óskar Hrafn Þorvaldsson - meðstjórandi

Hildur Sesselja Aðalsteinsd. - fimleikadeild

Erla Kristín Árnadóttir – kraftlyftingadeild

Andri Sigfússon – íþróttafulltrúi

Guðrún Kaldal og Guðjón Norðfjörð boðuðu forföll.

## Dagskrá:

1. Fundargerð seinasta fundar
2. Yfirlit deilda
3. Sumarnámskeið
4. Gróttudagurinn
5. Önnur mál

---

Fundur var settur kl. 18:00

### 1. Fundargerð seinasta fundar

Fundargerð seinasta fundar lesin.

### 2. Yfirlit deilda

#### Handknattleiksdeild

Verið að ganga frá ráðningu þjálfara í unglिंगastarfið. Mjög margir flokkar komust í úrslitaleiki á Íslandsmótinu.

#### Fótboltadeild

Fótboltavöllurinn fær nýtt nafn sem er Gróttuvöllur. Undirbúningur með þjálfara fyrir næsta tímabil er hafið. Stefnumótun fótboltadeildar í vinnslu, vinnuhópur hefur verið stofnaður. Knattspyrnuakademía er í undirbúningi hjá knattspyrnudeildinni þar sem lögð verður áhersla á einstaklingsmiðaða þjálfun.

#### Fimleikadeild

Nokkur mót hafa verið hjá fimleikadeildinni og stóðu krakkarnir sig mjög vel. Embla fór á Norðurlandamót. Innanfélagsmót var haldið og gekk mjög vel. Sumarnámskeiðin eru tilbúin. Áhöldin eru komin og fundur með Hauki og Lárusi um styrk verður næsta miðvikudag. Þjálfaramál eru á dagskrá og er verið að reyna að klára það sem fyrst.

#### Kraftlyftingadeild

Innheimta er byrjuð á árgjöldum deildarinnar. Undirbúningur er hafin að móti sem verður haldið í október. Það er mót í júní og mun deildin vera með nokkra keppendur þar.





**3. Sumarnámskeið**

Skráning á sumarnámskeið er hafið og bæklingurinn er í vinnslu. Sumarnámskeiðin klár.

**4. Gróttudagur**

Umræða um Gróttudaginn.

**5. Önnur mál:**

HSA spurði hvort aðalstjórn vildi halda Rauða kross námskeið. AS sagði að það hefði verið haldið árið 2011.

HSA kom með þá tillögu um að halda Blátt áfram námskeið. Umræða um það.

ÓH spyr um hverjir eru yfirþjálfarar deildanna. ÓH ætlar að húa saman yfirþjálfarana og styrktarþjálfara til að setja saman styrktarþrógram fyrir iðkendur Gróttu.

Fundi slitið 19:06

